

## *Ágætu spilarar.*

*Mér til skemmtunar og bridslífinu í landinu vonandi til upplyftingar hef ég í hyggju að skrifa pistla á vefsetur BSÍ í sumar.*

*Til að byrja með verður megináherslan á sagnþrautir, sem bæði verða settar upp hér (sbr. næstu síðu) og á “spjallinu” (þar sem hægt er að svara). Þeir sem vilja rökstyðja svör sín geta annað hvort gert það á spjallþræðinum eða í tölvupósti (gpa@simnet.is).*

*Ég óska eindregið eftir skemmtilegum spilum og þrautum, nýjum sem gömlum, sem hægt er að gera sér mat úr á þessum vettvangi.*

*21. maí 2007.*

*Guðmundur Páll Arnarson*

# Sagnþraut 1

Þú átt í suður ...

Suður

♠ K62

♥ D9762

♦ Á2

♣ G103

Austur gefur; allir á hættu. Sveitakeppni.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	2 ♠ *	Pass
4 ♠	Dobl	Pass	???

\* veikir tveir

Hver er sögnin?

-----

**gildir til 25. maí 2007**

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: gpa@simnet.is

# Sumarpistill nr. 1

## Fyrsta spilakvöld Sumarbríds

Sextán pör tóku þátt í fyrsta spilakvöldi Sumarbríds miðvikudaginn 16. maí. Spilaður var “monrad-baromter”, fjögur spil á milli para, sjö umferðir. Öruggan sigur unnu þeir Árni Guðbjörnsson og Gísli Guðjónsson með 59.9% skor.



Gísli Guðjónsson (til vinstri) og Árni Guðbjörnsson.

## Spil kvöldins - 3G í suður

V/Allir	NORÐUR		AUSTUR
	♠ 105		♠ ÁKD2
	♥ K64		♥ 832
	♦ 1087543		♦ 96
	♣ Á3		♣ D765
VESTUR		SUÐUR	
♠ 9863		♠ G74	
♥ D975		♥ ÁG10	
♦ DG		♦ ÁK2	
♣ 1098		♣ KG42	

Þrjú grönd voru spiluð á 5 borðum (af 8), til dæmis eftir sagnir eins og:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Pass	2 ♦	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Með spaða út má sagnhafi þakka fyrir að fá níu slagi (spaðinn 4-4 og tígulinn 2-2), en sú niðurstaða sást aðeins á einu borði. Á hinum fjórum borðunum kom út hjarta og þá runnu upp þrettán slagir!

Útspilið gefur ellefta slaginn á hjarta, síðan liggur laufdrottning fyrir svíningu og þar er sá tólfti, en þrettándi slagurinn skilar sér með kastþröng á austur í svörtu litunum, þar eð hann á ÁKD í spaða og lengdina í laufi:

	NORÐUR		AUSTUR
	♠ 105		♠ Á
	♥ -		♥ -
	♦ 10		♦ -
	♣ Á3		♣ D765
VESTUR		SUÐUR	
♠ 9		♠ G	
♥ D		♥ -	
♦ -		♦ -	
♣ 1098		♣ KG42	

Austri er ekki skemmt. Hann hefur þegar hent tveimur hámönnum í spaða og síðasti tígulinn er svo endanlegt rothögg. En huggun harmi gegn - fjórir með 720 og þó 3 stig af 11 í AV.

# Sumarpistill nr. 2

## Meistaraglíma

**Bjarni** meistri Einarsson var á **Kjör-dæmamótinu á Ísafirði** og spilaði þar með sveitungum sínum af Austfjörðum. Þar lenti hann á móti öðrum meistara í vígaham - **Júlíusi** Sigurjónssyni:

Júlíus tók slaginn heima, fór inn á blindan á **♦Á** og spilaði hjarta. Ásinn upp og tígull. Júlíus tók **♥K** og stakk hjarta, **♣Á** og stakk lauf og spilaði hjarta að heiman ...



Júlí

S/NS	NORÐUR	
	♠ 932	
	♥ 3	
	♦ ÁG94	
	♣ ÁG1087	
VESTUR		AUSTUR
♠ DG1074		♠ -
♥ 1065		♥ ÁD982
♦ 765		♦ D82
♣ 93		♣ K6542
	SUÐUR	
	♠ ÁK865	
	♥ KG74	
	♦ K103	
	♣ D	

	NORÐUR	
	♠ 92	
	♥ -	
	♦ G	
	♣ G10	
VESTUR		AUSTUR
♠ DG1074		♠ -
♥ -		♥ D9
♦ -		♦ -
♣ -		♣ K65
	SUÐUR	
	♠ ÁK86	
	♥ G	
	♦ -	
	♣ -	

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♠ *
Pass	2 ♣	2 ♥	Dobl
Pass	4 ♠	Pass	Pass
Dobl	Pass	Pass	Redobl
Allir pass			

Á hinu borðinu fékk Pálmi Kristmannsson út hjarta gegn 4♠ (bara) dobluðum. Austur tók með ás og spilaði hjarta áfram. Pálmi svínaði gosanum og henti tveimur tíglum niður í ♥KG. Náði svo upp sömu stöðu og Júlíus og vann sitt spil.

“Mér fannst ég ekki geta annað en doblað,” sagði Bjarni, en hann var sem sagt í vestur og Júlíus í suður.

Kerfi NS er Precision, 2♣ geimkrafa og doblið á 2♥ sekt. Bjarna leist ekki á að koma út í hjarta og valdi tígul - sem er þægilegt fyrir sagnhafa, en breytir þó engu um niðurstöðuna.



Bjarni

# HVERNIG Á AÐ SPILA?

Þú ert í suður ...

NORÐUR

♠ 1072

♥ Á32

♦ D9

♣ ÁK843

SUÐUR

♠ Á54

♥ D108

♦ Á10

♣ G10652

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ♦ *
1 ♥	2 ♣	Pass	3 ♣
Pass	3 ♥	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

\* Precision

Vestur hugsar sig lengi um, en ákveður svo að spila út ♠G.  
Austur kallar og þú dúkkar.

Meiri spaði, þú drepur og tekur fimm sinnum lauf.

Austur byrjaði með ♣Dx og hann hendir síðan tveimur tíglum (kallar) og svo hjartahundi í síðasta laufið.

(Vestur hendir tveimur tíglum og tveimur hjörtum.)

**Hvernig er skiptingin og hvernig viltu spila?**

# “Lausn” á úrspilsbraut

## Hvernig á að spila 3G?

<p>NORÐUR</p> <p>♠ 1072</p> <p>♥ Á32</p> <p>♦ D9</p> <p>♣ ÁK843</p>			
<p>VESTUR</p> <p>♠ G8</p> <p>♥ KG976</p> <p>♦ 86543</p> <p>♣ 7</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ KD963</p> <p>♥ 54</p> <p>♦ KG72</p> <p>♣ D9</p>	
<p>SUÐUR</p> <p>♠ Á54</p> <p>♥ D108</p> <p>♦ Á10</p> <p>♣ G10652</p>			

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦ *
1 ♥	2 ♣	Pass	3 ♣
Pass	3 ♥	Pass	3 G
Allir pass			

Spilið er frá Kjördæmamótinu á Ísafirði.

Bjarni Einarsson sýndi spilinu mikinn áhuga sem blindur - eftirá. Makker hans var Pálmi Kristmannsson, en í AV voru frændurnir Birkir Jónsson og Bogi Sigurbjörnsson.

Bjarni skrifar: Birkir var dágóða stund að velja útsplið, ♠G. Pálmi dúkkaði og áfram kom spaði, sem nú var tekinn. Svo komu fimm slagir á lauf og endað í blindum.

Austur henti ♦7 og ♦2 (há/lág-köll), svo litlu hjarta. Vestur henti tveimur tíglum og tveimur hjörtum. Staðan var nú ...

<p>NORÐUR</p> <p>♠ 10</p> <p>♥ Á32</p> <p>♦ D9</p> <p>♣ -</p>	
<p>VESTUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ KG9</p> <p>♦ 865</p> <p>♣ -</p>	<p>AUSTUR</p> <p>♠ KD6</p> <p>♥ 5</p> <p>♦ KG</p> <p>♣ -</p>
<p>SUÐUR</p> <p>♠ 5</p> <p>♥ D108</p> <p>♦ Á10</p> <p>♣ -</p>	

... og blindur á út.

Bjarni segir: “Skiptingin er orðin nokkuð ljós; austur virðist hafa átt 5-2-4-2 og er kominn niður á þrjá fríspaða, eitt hjarta og tvo tígla. Nú eru tveir kostir í stöðunni:

(1) Taka ♥Á og spila spaða. Þá er austur endaspilaður ef hann á ♦K.

(2) Spila lágu hjarta að D108. Ef gosinn kemur úr austrinu er spilið búið og líka ef nían kemur, því þá má svína fyrir kóng næst. Ef ekki, er alltaf sú von að vestur þurfi að spila frá ♦K (eða ♦G, ef maður vill frekar stóla á þann möguleika).”

Pálmi valdi síðari leiðina (og var hundskammaður fyrir), en honum fannst skiljanlega að vestur ætti varla innákomu án tígulkónsins.

Bjarni fær síðasta orðið:

“Hefði vestur spilað út ♠G með ...  
♠ Gx ♥ KGxxx ♦ Kxxxx ♣ x  
... er ekki tígullinn meira freistandi?”